



ÚTBOÐSSKILMÁLAR RÍKISBRÉFA

Útboð 7. október 2011

- Fjármálaráðherra, f.h. ríkissjóðs, hefur ákveðið að bjóða út ríkisverðbréf í samræmi við fjárlög fyrir árið 2011 og með hliðsjón af ákvæðum laga nr. 43/1990, um lánasýslu ríkisins með síðari breytingum og samningi milli fjármálaráðuneytis og Seðlabanka Íslands um lánaumsýslu ríkissjóðs dags. 18. október 2010. Markmið útgáfunnar er að afla ríkissjóði fjár og bæta vaxtamyndum á innlendum skuldabréfamarkaði. *Útboðsdagur er föstudagur 7. október 2011. Greiðsludagur er miðvikudagur 12. október 2011.*
- Í boði verða eftirfarandi flokkar ríkisbréfa:

Flokkur	ISIN	Lokagjalddagi
RIKB 13 0517	IS0000006989	17.05.2013
RIKB 16 1013	IS0000020253	13.10.2016

Seðlabankinn áskilur sér rétt f.h. ríkissjóðs til að samþykkja öll tilboð sem berast, hluta eða hafna þeim öllum. Útboðið verður þannig háttað að öll samþykkt tilboð bjóðast aðalmiðlurum á sama verði. Lægsta samþykkt verð (hæsta ávöxtunarkrafa) ræður söluverðinu.
- Ríkisbréfin verða gefin út rafrænt hjá Verðbréfaskráningu Íslands hf. og er verðeiningin ein króna, þ.e. nafnverð og fjöldi eininga eru það sama.
- Einungis aðalmiðlurum ríkisverðbréfa er heimilt að gera tilboð. Lágmarksfjárhæð hvers tilboðs er ein milljón króna. Boð skulu vera þannig að tilboðin hlaupi á heilum milljónum króna.
- Eftir að niðurstöður útboðs ríkisbréfa liggja fyrir mun Seðlabankinn bjóða jafnvirði 10%, reiknað af nafnverði þess sem selt var í útboðinu, til aðalmiðlara á söluverði samþykkttra tilboða allt til kl. 14:00 þriðjudaginn 11. október. Hver aðalmiðlari sem á samþykkt tilboð í undangengnu útboði öðlast kauprétt í hlutfalli af keyptu magni. Greiðslu- og uppgjörsdagur fyrir þessi viðskipti er miðvikudagurinn 12. október 2011.
- Tilboð má einungis senda til Seðlabankans í gegnum Bloomberg-útboðskerfið milli kl. 10:00 og 11:00 á útboðsdegi (miðað er við staðartíma á Íslandi). Tilboð skulu sett fram í verðum, með þremur aukastöfum.
- Ef tilboð berst ekki til Seðlabankans vegna kerfisgalla eða einhverra annarra ástæðna þá firrir Seðlabankinn sig allri ábyrgð. Aðilum er heimilt að fá staðfesta móttöku tilboða með símtali við Alþjóða- og markaðssvið Seðlabanka Íslands í síma 569 9633. Tilboð sem berast til Seðlabankans merkt ákveðnum skjám í Bloomberg-útboðskerfinu eru bindandi og á ábyrgð þess aðila sem skráður er fyrir skjánum. Heimilt er að afturkalla eða breyta tilboði, enda sé það gert í gegnum Bloomberg-útboðskerfið og berist Seðlabankanum fyrir kl. 11:00 á útboðsdegi. Ef vandamál verður vegna notkunar á Bloomberg-útboðskerfinu gilda skilmálar þeir sem falla undir „Form of Auction Process & BAS Back Up Memorandum“ sem send hafa verið aðalmiðlurum.
- Ríkissjóður áskilur sér rétt til þess að hafna tilboðum í heild eða taka tilboðum að hluta.
- Niðurstöður útboðsins verða tilkynntar til NASDAQ OMX á Íslandi og sendar aðalmiðlurum með tölvupósti.
- Greiðsla fyrir ríkisbréf skv. tilboðum sem tekið verður í útboðinu, þarf að berast Seðlabankanum fyrir kl. 14.00 á greiðsludegi, og verða bréfin afhent rafrænt sama dag. Berist greiðsla ekki á réttum tíma áskilur ríkissjóður sér rétt til að krefja tilboðsgjafa um hæstu lögleyfðu dráttarvexti fyrir þann tíma sem greiðsla dregst.
- Ríkissjóður greiðir skuld skv. framangreindum ríkisbréfum á gjalddaga. Rísi mál út af ríkisbréfum þessum eða ágreiningi um túlkun skilmála má reka þau fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur, skv. ákvæðum 17. kafla laga nr. 91/1991. Um fyrningu krafna skv. ríkisbréfum gilda ákvæði laga um fyrningu kröfuféttinda nr. 150/2007.
- Ríkisbréf eru stimpilfrjáls skv. lögum nr. 79/1983. Um skattskyldu eða skattfrelsi ríkisbréfa, svo og vexti af þeim, fer eftir ákvæðum laga um tekju- og eignarskatt eins og þau eru á hverjum tíma. Ríkisbréf eru framtalsskyld.
- Ríkisbréfin verða skráð í NASDAQ OMX á Íslandi og eru Arion Banki, Íslandsbanki, MP Banki og NBI viðskiptavakar þeirra.